

Fundargerð

Fundur réttarfarsnefndar 3. október 2023.

Frásögn af fundi:

Þriðjudaginn 3. október 2023 kl. 15:30 var haldinn fundur í réttarfarsnefnd í húsakynnum dómsmálaráðuneytisins í Borgartúni 26 í Reykjavík. Fundinn sóttu Ása Ólafsdóttir (ÁÓ) formaður, Aðalsteinn E. Jónasson (AEJ), Eiríkur Elís Þorláksson (EEP) og Kolbrún Benediktsdóttir (KB). Gizur Bergsteinsson boðaði forföll. Þá sat fundinn Hákon Þorsteinsson (HP) lögfræðingur í dómsmálaráðuneytinu sem jafnframt ritaði fundargerð.

ÁÓ setti fundinn.

Bókað var að fundi sem vera átti 19. september 2023 hafi verið frestað til dagsins í dag.

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

Í upphafi fundar kynnti ÁÓ að ráðuneytið hefði rætt við hana á milli funda um mögulegar breytingar á lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. vegna fyrirhugaðra breytinga félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins á lögum nr. 101/2010 um greiðsluáðlögun einstaklinga.

Á dagskrá fundarins voru eftirfarandi mál sem réttarfarsnefnd hefur tekið til meðferðar að beiðni dómsmálaráðuneytisins.

- 1) Málskostnaður við meðferð beiðna um áfrýjunarleyfi og við ómerkingu og heimvísun mála.*
Farið var yfir upplýsingar sem borist hafa um fyrirkomulag þessara mála á hinum Norðurlöndunum og talið ljóst að fyllri upplýsinga sé þörf. Umræður fóru fram um kosti og galla þess að gera breytingar á þessum reglum. Ákveðið var að málefnið yrði unnið áfram á milli funda og á næsta fundi nefndarinnar.
- 2) Meðferð kærumála fyrir Hæstarétti Íslands.*
Rætt var um erindi sem nefndinni barst 19. júní 2023 frá dómsmálaráðuneytinu, í tilefni af erindi Lögmannafélags Íslands til ráðuneytisins 26. maí 2023, um hvort til álita komi að aðilar skili ekki greinargerðum í kærumálum fyrir Hæstarétti fyrir en ljóst er hvort fallist verði á beiðni um kæruleyfi. Umræður fóru fram um málefnið og ákveðið var að skoðun á því tæki einnig til kærumálgagna. Ákveðið var að málefnið yrði unnið áfram á milli funda og á næsta fundi nefndarinnar.
- 3) Fyrirkomulag dómskýrslna á rannsóknarstigi samkvæmt 59. gr. laga nr. 88/2008.*
Fram fóru umræður um tillögur að fyrirkomulagi þessara mála í íslenskri löggjöf og ákveðið að málefnið yrði unnið áfram á milli funda og á næsta fundi nefndarinnar. Ákveðið var að hagaðilar verði boðaðir á næsta fund nefndarinnar.
- 4) Framkvæmd húisleita á lögmannsstofum.*
Ákveðið var að málefnið yrði unnið áfram á milli funda og á næsta fundi nefndarinnar.

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar verði kl. 14.00 hinn 21. nóvember 2023 í húsakynnum dómsmálaráðuneytisins í Borgartúni 26 í Reykjavík.

Fleira var ekki gert og fundi var slitið kl. 17:15.

HP.